

FUNDARGERÐ

596. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps

Árið 2019, fimmtudaginn 11. desember, kom sveitarstjórn Mýrdalshrepps saman til fundar kl. 20:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson, Drífa Bjarnadóttir, Ingi Már Björnsson, Ragnheiður Högnadóttir og Páll Tómasson.

Að auki sat fundinn að hluta George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi og Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri, sem ritaði fundargerðina í tölvu.

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

Vegna slæmrar veðurspár var brugðið frá auglýstu fundarboði og fundi seinkað til kl. 20:00. Oddviti óskar eftir því að sveitarstjórn úrskurði um lögmæti fundarins.

Engar athugasemdir eru gerðar og skoðast fundurinn lögmætur.

Oddviti leitar afbrigða til að taka eftirtalin mál á dagskrá fundarins:

I – 2 Fundargerð skipulagsnefndar.

III – 8 Tilboð vegna innleiðingar jafnlaunavottunar.

V – 3 Stefna vegna Bakkabrautar 18.

Afbrigðin samþykkt.

Þetta var tekið fyrir:

1. Verkefni sveitarstjóra.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

2. Fundargerð skipulagsnefndar Mýrdalshrepps.

Lögð fram fundargerð 275. fundar skipulagsnefndar Mýrdalshrepps, haldinn 9. desember 2019.

Eftirfarandi liðir eru til staðfestingar í sveitarstjórn:

2.1. Norður-Foss – Umsókn um stöðuleyfi.

Birkir Kúld Pétursson f.h. N18 ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir vinnubúðir við Norður-Foss.

Nefndin samþykkti umsóknina til eins árs með fyrirvara um eldvarnarúttekt.

Sveitarstjórn stafestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.2. Umsókn um stofnun lóðar fyrir spennistöð Rarik.

Sigurður Þ. Jakobsson f.h. Rarik ohf. sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar undir spennistöð við Ás.

Nefndin samþykkti umsóknina.



Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.3. Sólheimahjáleiga – Breyting á deiliskipulagi.

EFE vísar af fundi undir þessum lið. IMB tekur við stjórn fundarins.

Lögð fram tillaga um stækkun skipulagssvæðis, byggingar starfsmannahúsa, íbúðarhúss og stækkun núverandi íbúðarhúss.

Nefndin samþykkti tillöguna og fól skipulags- og byggingarfulltrúa að ljúka málinu.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

EFE tekur aftur við stjórn fundarins.

2.4. Mýrarbraut 13 – Umsókn um stækkun lóðar.

Nefndin samþykkti umsókn Ingvars Jóhannessonar um heimild til sækunar á lóðinni um 10m til norðvesturs.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.5. Mýrarbraut 11 – Stofnun lóðar.

Nefndin samþykkti tillögu um stofnun lóðar undir íbúðarhús með eftirfarandi skilmálum: nýtingarhlutfall verði 0,3 eða hámarks byggingarmagn 276 fm. einbýli eða tvíbýli, hámark tvær hæðir, tvö bílastæði að lágmarki með hverri íbúð.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.6. Mýrarbraut 14 og 16 – Stofnun lóðar.

Nefndin samþykkti tillögu um stofnun lóðar undir íbúðarhús við Mýrarbraut 14 og 16 með eftirfarandi skilmálum fyrir Mýrarbraut 14: nýtingarhlutfall verði 0,3 eða hámarks byggingarmagn 230 fm. einbýli eða tvíbýli, hámark tvær hæðir, tvö bílastæði að lágmarki með hverri íbúð. Skilmálar fyrir Mýrarbraut 16 eru eftirfarandi: nýtingarhlutfall verði 0,3 eða hámarks byggingarmagn 168 fm. einbýli, hámark tvær hæðir, tvö bílastæði að lágmarki.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.7. Sunnubraut 22 – Stofnun lóðar.


Nefndin samþykkti tillögu um stofnun lóðar undir íbúðarhús við Sunnubraut 22 með eftirfarandi skilmálum: Einbýlishús á einni hæð ásamt gestahúsi, nýtingarhlutfalli 0,25, hámarksbyggingarmagni 165 fm., þakhalla 30-45 gráður og mænisstefna í austur-vestur með hámarkshæð 5,5m.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.8. Klettsvegur 4 – Umsókn um stofnun lóðar.

Nefndin samþykkti tillögu um stofnun lóðar undir íbúðarhús við Klettsveg 4 með eftirfarandi skilmálum: nýtingarhlutfall verði 0,5 eða hámarks byggingarmagn 290 fm. fjölbýlishús á tveimur hæðum, fjórar íbúðir, 60-75 fm. hver, þak skuli vera einhalla þak til norðurs og húsinu fylgi átta bílastæði.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.



Handwritten signatures and initials, including a large signature at the top right and initials 'PH', 'EFE', and 'Fmb' at the bottom right.

2.9. Umferðarmerki í Vík – 1. áfangi.

Nefndin samþykkti tillögu um að takmarka umferð að kirkjugarði og setja biðskyldumerki við gatnamót Suðurvíkurvegar og Hátúns og fól skipulags- og byggingarfulltrúa að ljúka málinu.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

3. Bréf til hafnardeildar Vegagerðarinnar.

Lögð fram tillaga að bréfi til hafnardeildar Vegagerðarinnar þar sem þess er óskað að sjóvarnarlína austan iðnaðarhverfis verði endurskilgreind og færð til austurs svo halda megi áfram uppbyggingu iðnaðarhverfisins.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og felur sveitarstjóra framgang málsins.

4. Fundargerð fræðslunefndar.

Lögð fram fundargerð 249. fundar fræðslunefndar frá 12. nóvember 2019.

Eftirfarandi er til staðfestingar:

4.1. Starfsáætlun og skólanámskrá Víkurskóla fyrir 2019-2020.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

5. Umsagnarbeiðni.

Lögð fram beiðni um umsögn frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um rekstrarleyfi í Ketilstaðaskóla fnr. 218-8114 til sölu gistingar í flokki III Hótel frá Volcano hótél ehf., kt. 480411-0720, ábygðarmaður Margrét Birgisdóttir kt. 300670-4909.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

6. Styrkbeiðnir.

Lagðar fram eftirfarandi styrkbeiðnir:

6.1. Frá Landgræðslu ríkisins að upphæð 36.000 kr. vegna verkefnisins Bændur græða landið.

Sveitarstjórn samþykkir styrkbeiðnina.

6.2. RH vikur af fundi undir þessum lið.

Frá E. Tryggva Ástþórssyni að upphæð 50.000 kr. til að standa undir kostnaði við komu rithöfunda á bókakynningu.


Sveitarstjórn samþykkir styrkbeiðnina.

RH kemur aftur inn á fundinn.

7. Breyting á sorphirðu.

Lögð fram áætlun að kostnaði við sorphirðu í Mýrdalshreppi fyrir árið 2020 en í henni felst aukinn kostnaður vegna flokkunar á lífrænu sorpi.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að gera viðauka að samning við Ögmund Ólafsson um sorphirðu í Mýrdalshreppi á grundvelli framlagðrar áætlunar.



8. Fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps 2020 - 2023 – síðari umræða.

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun 2020-2023 og framkvæmdaáætlun 2020.

Í fjárhagsáætlun 2020 eru skatttekjur áætlaðar 565.9 m.kr. og heildartekjur A og B hluta 742.2 m.kr. Rekstrarniðurstaða A hluta er jákvæð um 65.5 m.kr. og rekstrarniðurstaða A og B hluta er jákvæð um 39 m.kr. Veltufé frá rekstri er 91 m.kr. og áætlaðar fjárfestingar eru um 52.7 m.kr. á móti koma áætluð gatnagerðar- og tengigjöld upp á 36 m.kr.

Afborganir langtímalána á árinu 2020 verða 39.398 m.kr.

Á árinu 2020 verður áfram lögð áhersla á að byggja upp innviði samfélagsins með því m.a. að efla grunnskóla, leikskóla og íþrótt- og tólmundastarf. Áfram verður unnið að því að Mýrdalshreppur verði umhverfisvænt sveitarfélag, á árinu verður sú nýbreytni að lífrænt sorp verður flokkað frá öðru sorpi og nýtt til moltugerðar. Áfram verður unnið að því að endurnýja og viðhalda mannvirkjum sveitarfélagsins. Áhersla verður áfram lögð á að veita vandaða og öfluga grunnþjónustu fyrir íbúa og styðja eins og kostur er við alla frekari uppbygginu og styrkingu atvinnulífs í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn samþykkir við síðari umræðu framlagða fjárhagsáætlun Mýrdalshrepps 2020-2023.

9. Reglur um vistun barna í heimahúsum.

Lögð fram tillaga að reglum fyrir Mýrdalshrepp um dvöl barna hjá dagforeldrum.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og felur sveitarstjóra að birta hana á heimasíðu sveitarfélagsins.

10. Framlög vegna barna hjá dagforeldrum.

Lögð fram tillaga að reglum um framlög Mýrdalshrepps vegna dvalar barna hjá dagforeldrum.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og felur sveitarstjóra að birta hana á heimasíðu sveitarfélagsins.

11. Skilyrði fyrir leyfi til daggæslu.

Lögð fram tillaga að skilyrðum fyrir leyfi til daggæslu í heimahúsum, byggð á reglugerð nr. 907/2006 um daggæslu barna.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og felur sveitarstjóra að birta hana á heimasíðu sveitarfélagsins.


12. Húsnæðisáætlun Mýrdalshrepps 2020-2023.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

13. Tilboð vegna innleiðingar jafnlaunavottunar.

Lagt fram tilboð og verkáætlun frá Attentus – mannauði og ráðgjöf vegna innleiðingar á jafnlaunavottun ásamt launagreiningu fyrir sveitarfélagið.

Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboðinu.



14. Fundargerðir til kynningar.

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram til kynningar:

Fundargerð 42. fundar stjórnar félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn 26. nóvember 2019.

Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, haldinn 29. nóvember 2019.

Fundargerð aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, haldinn 24. október 2019.

15. Kynningarefni.


Eftirfarandi lagt fram til kynningar:

Dagforeldrar, upplýsingar og ferill.

Dómur Landsréttar í máli Krónunnar gegn sveitarfélaginu Árborg og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, mál nr. 2382019

Stefna vegna Bakkabrautar 18 í Vík.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 22:00




Einar Freyr Elínarson, oddviti



Ingi Már Björnsson



Drífa Bjarnadóttir



Ragnheiður Högnadóttir



Páll Tómasson